



FUNDARGERÐ 466. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 1. apríl 2022. Fundurinn er settur klukkan 14:10. Fundurinn er staðfundur á Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kristinn Andersen og Líf Magneudóttir.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Bjarni Torfi Álfþórsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Tekið fyrir

1. Hvað er í ruslinu? Húsasorpsrannsókn SORPU bs 2021

Gyða Sigríður Björnsdóttir, umhverfisstjóri SORPU, sækir fund með fjarfundarbúnaði við upphaf fundar.

Gyða Sigríður gerir grein fyrir helstu niðurstöðum húsasorpsrannsóknar SORPU fyrir árið 2021.

2. Plastið í betri farveg. Tilraunaverkefni á Sævarhöfða

Gyða Sigríður gerir grein fyrir tilraunaverkefni á endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða þar sem plasti er flokkað í fleiri farvegi en áður hefur verið.

Gyða Sigríður vísar af fundi klukkan 15:10.

3. Bolalda – staða og horfur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir samkomulagi við Ölfus um yfirtöku SORPU á umráðum og eftirliti með Bolöldu til allt að tveggja mánaða.

Stjórn SORPU samþykkir samkomulagið.

Eftirfarandi var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss fimmtudaginn 31. mars:

Samþykkt bæjarstjórnar var svohljóðandi:

„Rekstur Bolöldu

Fyrir bæjarstjórn lá erindi frá Sorpu þar sem óskað var eftir því að komið yrði á samningi um rekstur og afnot af Bolöldu sem jarðvegstipps. Óskað er eftir því að gerður verði tveggja mánaða samningur frá 1. Apríl 2022.

Fram kom að SORPA mun viðhafa virkt eftirlit með jarðefnaformum sem berast inn á svæðið. SORPA mun staðsetja á opnunartíma mannskap og tæki til að stunda virkt eftirlit og skráningar á förmum og þar með tryggja að inn á svæðið rati ekki annað en endurnýtanlegur, óvirkur jarðvegsúrgangur. SORPA áskilur sér rétt til að vísa frá efni sem er mengað á einhvern hátt, uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis og/eða er ekki hæft til endurnýtingar. Einnig áskilur SORPA sér rétt til að vísa frá efni sem hæft til endurvinnslu. Að öðru leyti mun SORPA tryggja í samvinnu við Fossvélar ehf, að til staðar sé eftirlit til samræmis við áskilnað starfsleyfis þess sem gefið var út til handa Bolaalda ehf. hinn 23. júlí 2020.



Tilgreindir tveir mánuðir verða nýttir sérstaklega til að greiða úr ýmsum lagalegum og rekstrarlegum málum sem varða framtíðarskipan jarðefnalosunar á höfuðborgarsvæðinu. Í því felst að hugsanlega muni SORPA bs. falast eftir langtímasamningi við sveitarfélagið Ölfus um notkun á Bolaöldum til afsetningar á jarðefnum og munu aðilar þá ganga til sérstakra samninga um það sem tiltaka virkt eftirlit og greiðslur til sveitarfélagsins Ölfuss fyrir afnot af landinu.

Drög að afgreiðslu: bæjarstórn samþykkir að veita Sorpu heimild til afnota af Bolaöldu til móttöku óvirkra jarðefna í samræmi við útgefið starfsleyfi til einsmánaðar frá 1. apríl til 1. Maí 2022 með möguleika á framlengingu um einn mánuð að því gefnu að efndir samkomu lagsins eins og því er lýst í erindinu gangi eftir.“

4. Erindi frá ELKEM um samstarf um viðarflís

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi ELKEM um samstarf við SORPU um viðarflís.

Stjórn SORPU bs. bókar:

„Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að bregðast við erindi ELKEM og leiða málið til lykta og bera niðurstöðu þeirrar vinnu undir stjórn SORPU.“

5. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 29. apríl klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:55.

Hvað er í ruslinu?

Niðurstöður húsasorps- rannsóknar 2021

Gyða S. Björnsdóttir




Sorphirða sveitarfélagi


MAGNTÖLUR

Magn úrgangs í sorptunnum 2021 (kg á íbúa) eftir sveitarfélögum

Meðaltal
136,5




Söfnun úrgangs í tunnur, grenndargáma og á endurvinnslustöðvar (kg á íbúa)



Árangur (kg á íbúa)

Flokkun (í tunnur, grenndargáma og á endurvinnslustöðvar) og innihald sorptunnu í sömu úrgangsflokkum.






Húsaorpsrannsókn

NIÐURSTÖÐUR



Niðurstöður greininga á 27 sýnum (%)



0,2 kg
af grímum á mann

Heildarmagn var 32.820 tonn árið 2021


Þróun í magni úrgangstegunda í sorptunnum (kg á íbúa)




Plastið í sorptunnum = 5.350 tonn

Sérsofnun við heimili gæti skilað um 10-15 kg af plasti á íbúa í betri farveg.




-  Aðeins hæft í brennslu (sorptunnur)
-  Fari í plasttunnur við heimili til frekari flokkunar og endurvinnslu/orkuvinnslu



Þróun í magni úrgangstegunda í sorptunnum (kg á íbúa)



Spilliefni og raftæki






Sérsafnaður
lífrænn úrgangur

KJALARNES

Greining á lífrænu sýni frá Kjalarnesi



Kynning og meiri kynning um rétta flokkun nauðsynleg...



Flokkun á lífrænum úrgangi á Kjalarnesi

Árangur í flokkun lífræns úrgangs (29. sept. - 6. des. 2021)

- Almennur: 12,74 tonn (73,4%)
- Lífrænn: 4,62 tonn (26,6%)
- Samtals: 17,36 tonn

Húsaorpsrannsókn

- Hlutfall lífræns eldhúsúrgangs og garðaúrgangs: 49,60%
- Magn lífræns úrgangs: 8,61 tonn
- **Árangur í flokkun á lífrænum úrgangi: 53,7%**






Greining á úrgangi
úr pressugámum
endurvinnslustöðva

NIÐURSTÖÐUR

Greining á 12 sýnum af blönduðum úrgangi á endurvinnslustöðvum




Heildarmagn var 4.607 tonn árið 2021



Baggarannsókn NIÐURSTÖÐUR


Greining á 6 sýnum af böggðuðum úrgangi í Álfsnesi

Urðaður úrgangur	Tonn
Lífrænn úrgangur	16.781
Plast	12.980
Pappír	7.532
Timbur (litað/grófur)	10.169
Bleiur	5.768
Textíll	4.106
Spilliefni/raftæki	489
Málmar	1.732
Steinefni	1.820
Flöskur og dósir	188
Annað	1.235
Samtals	62.800




Heildarmagn baggaðs úrgangs var 67.519 tonn árið 2021

Plast í böggum



Lög um hringrásarhagkerfi

- Taka gildi 1. janúar 2023.
- Lögin skylda heimili og fyrirtæki til flokkunar á heimilisúrgangi.
 - Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum.
- Þegar komin áætlun um samræmingu úrgangsflokkunar við heimili.
- Þá verður einnig skylda að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang og annan rekstrarúrgang.




Samantekt

Jákvætt

- Sorpmagn á íbúa dregst saman milli ára.
- Magn af sorpi, grófum úrgangi og blönduðum úrgangi hefur aldrei verið minna á hvern íbúa.
- Plastflokkun – eykst örlítið á hvern íbúa.
- Engin mjög hættuleg spilliefni í ruslinu.

Neikvætt

- Meira magn af raftækjum í ruslinu.
- Plast í ruslinu eykst um 2 kg á mann.
- Um helmingur af lífrænum úrgangi fer í ruslið þrátt fyrir sérstök ílát fyrir lífrænan úrgang.
- Raftæki í lífrænum úrgangi.



Tilraunaverkefni á Sævarhöfða

Frá mars til september 2022

BETRI PLASTFLOKKUN

Plast frá heimilum

Grenndargámar / plasttunnur – aðallega umbúðir



Endurvinnslustöðvar – stærri plasthlutir



Hvað þurfum við að gera?

Endurvinnslustöðvaplást

1. Flokka eps (frauðplast)
2. Flokka filmu
3. Vísa plastumbúðum frá heimilum í grenndargáma (sér straumur)
4. Flokka harða plastið betur
5. Rusl





1. EPS

- Söfnun hafin í Ánanaustum og á Sævarhöfða
- Ávinningur
 - Endurvinnanlegt ef safnað sér
 - Hættir að skemma fyrir í flokkun á öðru plasti frá stöðvunum
 - Möguleiki á endurgreiðslu í stað þess að borga með því
- Samstarf við innlenda aðila um endurvinnslu (Borgarplast/Tempra) – lítið magn
- EPS pressa



2. Filmuplast

Tilraun á Sævarhöfða hófst í mars 2022


- Filmuplastið tekið sér og flutt í stórsekkjum í móttökustöð

Ávinningur

- Hækkar endurvinnsluhlutfall á bæði filmu og hörðu plasti
- Möguleiki á endurgreiðslu í stað þess að borga með filmunni




3. Hart plast



JA TACK!

HÄR SORTERAS:

Plastbackar / Leksaker ej elektriska / Tvättkorgar /



NEJ TACK!

HÄR SORTERAS INTE:

Kompositmaterial / Jord och trä / Mjukplast /

4. Plastumbúðir frá heimilum

- Leysist með sérsöfnun á plastumbúðum við heimili



Hækkum endurvinnsluhlutfall

Plastumbúðir	Filmuplast	EPS	Hart plast
			
Lágt endurvinnsluhlutfall < 30% af því sem safnast. Skemmir verðmæti annarra plaststrauma ef það blandast saman við þá.	Hátt endurvinnslu- hlutfall ef flokkað sérstaklega. Glært filmuplast >95% Litað filmuplast >80%	Hátt endurvinnslu- hlutfall >90% og verðmætt efni ef flokkað sérstaklega. Skemmir flokkun á öðrum plaststraumum ef það blandast við þá.	Hátt endurvinnsluhlutfall ef flokkað frá öðru plasti og skilað til sérhæfðra móttökuaðila >80%.
Ber úrvinnslugjald	Ber úrvinnslugjald	Ber úrvinnslugjald	Ekkert úrvinnslugjald
Móttökugjöld lækka	Greiðsla fæst fyrir efnið	Greiðsla fæst fyrir efnið	Móttökugjöld lækka

Tilraunaverkefnið – spurningum svarað

1. Hver er kostnaður vegna aukinnar flokkunar og meðhöndlunar á plasti á endurvinnslustöðvum og í móttökustöð?
 2. Hvert er magn ólíkra plaststrauma?
 3. Hvaða áhrif verða á endurgjald/kostnað vegna mismunandi plaststrauma?
 4. Hvernig breytist endurvinnsluhlutfallið í heild og á tilteknum plaststraumum?
 5. Hvað þýðir betri flokkun fyrir endurgjald Úrvinnslusjóðs og skapast tækifæri þar?
 6. Hvað geta innlendir móttökuaðilar annað miklu af frauðplasti?
 7. Hver þarf stærð pressu fyrir frauðplast (EPS) að vera og hvar er hún best staðsett?
 8. Hvernig þurfa leiðbeiningar um flokkun á plasti að vera?
 9. Þarf aukinn mannafla og hvernig þjálfun þarf starfsfólk?
 10. Hvernig og hvenær innleiðum við betri plastflokkun á öllum endurvinnslustöðvum?
-

Takk fyrir!

